

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sprotasjóður



Tónlistarval á unglingastigi

Flosi Einarsson og Heiðrún
Hámundardóttir

Skýrsla um þróunarverkefni sem styrkt var af Sprotasjóði skólaárið 2011-2012. Um er að ræða samstarfsverkefni grunnskólanna og Tónlistarskólans á Akranesi þar sem markmiðið var að bjóða nemendum á unglíngastigi upp á nýjan valkost í hljóðfæra- og söngnámi auk þess að skapa grundvöll fyrir samspil af ýmsu tagi.

Grundaskóli, Akranesi

Espigrund 1

433-1400

433-1401

6/30/2012

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Hugmyndafræðin að baki verkefninu	5
3. Vinnufyrirkomulag – Hverjir komu að verkefninu	7
4. Skipulag tónlistarvalsins.....	7
4.1. Stundatöflugerð.....	7
4.2. Annar undirbúningur	8
4.3. Ytra skipulag og hópaskipting	8
5. Helstu hindranir	10
6. Helsti ávinningurinn af vinnu við verkefnið.....	11
7. Niðurstöður verkefnisins	12
8. Mat á verkefninu	13
8. Heimildaskrá	14
10. Fylgiskjöl.....	15

1. Inngangur

Eins og kemur fram í umsókn um þróunarstyrk var markmiðið með verkefni okkar að brúa bilið á milli hefðbundins tónlistarnáms (einstaklingskennsla í grunnskólum) og tónmenntarkennslu í grunnskólum. Eins og tónmenntarkennsla í grunnskólum hefur þróast hefur gefist lítill tími til hljóðfærakennslu en hins vegar er fjöldi nemenda sem hefur áhuga á að læra á hljóðfæri en hefur ekki bolmagn til að kaupa sér kennslu í tónlistarskóla. Markmiðið með þróunarverkefninu *Tónlistarval á unglíngastigi* var að bjóða upp á samvinnu við Tónlistarskólann á Akranesi, valmöguleika í unglíngadeildum í Grundaskóla og Brekkubæjarskóla á Akranesi, sem felur í sér hljóðfæra- og söngkennslu í litlum hópum auk þess að leggja mikla áherslu á ýmis konar samspil og sköpun á tónlist. Lögð skyldi áhersla á að nýta tónlist sem nemendur hafa áhuga á að fást við. Einnig var markmiðið að bjóða upp á grunnnámskeið í hljóðupptökum, rytmaþjálfun og rokktonlistarsögu. Stórt markmið var enn fremur að auka samvinnu milli áðurnefndra skóla. Það er líka skoðun umsækjenda að slík vinna hafi mikið forvarnargildi þar sem við teljum okkur geta nálgast með þessum hætti hóp nemenda sem t.d. hefur ekki fundið sig í íþróttum eða öðru tómstundastarfi.

Skólarnir hafa áður haft samstarf um tvö árleg tónlistarverkefni sem kallast Ungir-Gamlir og Hátónsbarkakeppnin. Ungir-Gamlir er stórt verkefni sem felur í sér eins konar tónlistarþemaviku í skólunum sem endar með stórum rokktonleikum í Bíóhöllinni á Akranesi. Að þessu verkefni hafa starfað kennarar beggja grunnskólanna og tónlistarskólans auk þess sem þekktir tónlistarmenn hafa komið í heimsókn og lagt verkefninu lið. Ungir-Gamlir hefur verið árlegur viðburður síðan 2006. Hátónsbarkakeppnin er söngvarakeppni sem nær aftur til ársins 1989. Markmiðið með tónlistarverkefninu Ungir-Gamlir hefur verið að bjóða grunnskólanemendum upp á tækifæri til að læra af sér eldri og reyndari tónlistarmönnum auk þess að fá tækifæri til að koma fram á veglegum tónleikum. Flestir nemendur sem sýndu þessu áhuga vildu fá að syngja og þá einkum stelpur. Okkur fannst skorta áhuga nemenda til að spila á hljóðfæri og því datt okkur í hug að þróa enn frekara samstarf á milli tónlistarskólans og grunnskólanna og bjóða einfaldlega upp á valbraut á unglíngastigi þar sem nemendum gæfist tækifæri til að læra á hljóðfæri og spila í hljómsveitum. Mikill áhugi var fyrir þessu verkefni í öllum skólum og bæjaryfirvöld lögðu einnig sitt að mörkum með því að leggja til þann hljóðfæra- og tækjakost sem til þurfti. Við settum okkur eftirfarandi markmið:

- ✚ Auka til muna samstarf á milli grunnskólanna og Tónlistarskólans á Akranesi
- ✚ Kenna nemendum að spila tónlist sem þeir hefðu sjálfir áhuga á og leggja áhersluna frekar á að kunna að lesa hljóma fremur en nótur og læra eftir eyranu.
- ✚ Leggja mikla áherslu á samspil.
- ✚ Kynna fyrir nemendum möguleikana sem felast í að nota tölvur til að semja og útsetja tónlist auk þess að fást við sköpun tónlistar.
- ✚ Þjálfun rytma.
- ✚ Fjalla um rokktonlistarsögu með nemendum.

- ✚ Tónlistarnámið skyldi vera skemmtilegt.
- ✚ Auka áhuga nemenda á Akranesi til að stunda reglubundið tónlistarnám.
- ✚ Halda tvenna tónleika á skólaárinu auk þess að styrkja áðurnefnt samstarf sem tengist fyrrnefndri Hátónbarkakeppni og Ungir-Gamlir.
- ✚ Bjóða úrvalsnemendum upp á tækifæri til að ferðast til Svíþjóðar til að taka þátt í tónlistarverkefni í samvinnu við Kungsklippeskolan í Stokkhólmi.

Undirbúningurinn hófst strax í maí 2011 eða eftir að ljóst var að við höfðum hlotið styrk úr Sprotasjóði. Hann fólst m.a. í því að fá samþykki bæjaryfirvalda fyrir þátttöku tónlistarskólans og ræða við skólastjóra hans um hvernig hægt væri að fella stundastöflu hans kennara inn í skipulag grunnskólanna auk þess sem við þurftum að kanna þörfina fyrir aukinn hljóðfæra- og tækjakost og í framhaldi af því afla tilboða hjá þeim aðilum sem versla með hljóðfæri. Við kynntum einnig þennan nýja valmöguleika fyrir nemendum grunnskólanna. Við kynntum okkur einnig hvernig sambærilegt starf hefur farið fram í Kungsklippeskolan í Stokkhólmi en skólarnir hafa um árabil verið í samstarfi við þann skóla í tengslum við Ungir-Gamlir verkefnið sem áður var nefnt. Við höfðum því ágætan grunn til að byggja á er hin eiginlega vinna hófst í upphafi skólaárs 2011.



2. Hugmyndafræðin að baki verkefninu

Eins og segir í inngangi langaði okkur til að brúa bilið á milli hefðbundinnar tónlistarskólakennslu og tónmenntarkennslu í grunnskóla. Þó svo margt hafi breyst unfanfarin ár er það okkar skoðun að kennsla í tónlistarskólum taki stundum ekki nógu mikið mið af þörfum þeirra einstaklinga sem eiga í hlut og kennslan sé oft miðuð við þarfir kennarans fremur en nemandans. Tónlistin sem nemandinn lærir er oft ekki sú tónlist sem hann þekkir eða hefur áhuga á og algengt er að nemandi þurfi að fara í gegnum ógrynni af fingraefingum og öðlast færni í nótnalestri áður en hann fær að fást við raunverulega tónlist. Staðreyndin er sú að stór hluti nemenda gefst upp eftir stuttan tíma og upplifir sjaldan þá ánægju sem tónlistariðkun á svo sannarlega að geta gefið honum m.a. annars með því að fást við þá tónlist sem nemandinn hefur áhuga á og síðast en ekki síst með því að taka þátt í samspili og upplifa tónlist með jafningjum sínum.

Með okkar nýja tónlistarvali var markmiðið að fara þá leið að nemendur gætu einmitt fengið að iðka tónlist á sínum forsendum og fá til þess aðstoð frá okkur kennurunum. Við höfum þá trú að ef nemendur fá jákvæða tónlistarupplifun muni þeir seinna sjá tilganginn í því að fara í formlegra og meira krefjandi tónlistarnám.

Margar rannsóknir styðja þessa skoðun okkar og kynntum við okkur m.a. mjög áhugaverða bók eftir Lucy Green sem heitir: *Music informal learning and the school – A new classroom pedagogy*. Rit þetta fjallar um stóra rannsókn sem Dr. Lucy Green stóð fyrir og náði hún til 21 skóla, 32 kennara og yfir 1500 nemenda. Rannsóknin stóð yfir frá 2002-2006. Markmið verkefnisins var að prófa óformlegar námsaðferðir (informal learning) í tónlistarkennslu. Hún hefur áður rannsakað og skilgreint hvernig alþýðutónlistarmenn læra á þennan hátt og hún vildi prófa markvisst hvort hægt væri að nýta þá reynslu í skólastofunni. Hugmyndir hennar ganga út á að láta nemendur velja sér tónlist sem þeir þekkja og líkar við. Þeir eiga að vinna saman í vinahópum, velja sér hljóðfæri og reyna að læra að spila og/eða syngja lögin upp á eigin spýtur með því að hlusta á þau og greina þau. Kennarinn er til hliðar við nemendurna og hefur lágmarksafskipti af þeim og hjálpar þeim eingöngu ef þeir biðja um aðstoð. Kennarinn skilgreinir ekki fyrirfram námsmarkmiðin eða leggur niður tímann frá mínútu til mínútu. Hún safnaði heilmiklum gögnum, bæði stöðluðum spurningalistum, opnum viðtölum, hljóðupptökum og myndböndum sem hún túlkar í þessari bók.

Hver er munurinn á formlegum og óformlegum námsaðferðum?

Stærsti munurinn liggur í því að óformlegt nám byrjar alltaf með tónlist sem viðkomandi velur sjálfur og þekkir og finnur sig í en í formlegu námi eru nemendur yfirleitt að fást við tónlist sem þeir þekkja ekki áður og er venjulega valin af kennaranum.

Í öðru lagi fer nám þannig fram að viðkomandi hlustar á upptökur af lagi og lærir eftir eyranu en ekki eftir nótum eða öðrum skriflegum eða munnlegum leiðbeiningum.

Í þriðja lagi fer óformlegt nám yfirleitt fram í vinahópi þar sem nemandinn ræður ferðinni, lærir af jafningjum sínum og hópurinn uppgötvar saman. Í þessu felst hlustun, meðvituð og ómeðvituð, menn kenna hver öðrum og læra hver af öðrum ólíkt því nemandi-kennara sambandi sem á sér stað í formlegu námi þar sem kennarinn ræður ferðinni og gagnrýnir.

Í fjórða lagi eru nemendur að fást við raunveruleg verkefni þ.e. tónlist sem þeir þekkja en ekki t.d. tilbúna fingraefingar sem hafa það eina markmið að kenna ákveðna tækni.

Í fimmta lagi felur óformlegt nám í sér nákvæmari hlustun, spuna og að semja tónlist í gegnum ferilinn þar sem persónuleg sköpun skiptir miklu máli ólíkt formlegu námsaðferðunum þar sem sköpunarþátturinn er mjög lítill, mikið frekar endursköpun á því sem aðrir hafa gert.

Niðurstöður rannsóknar Lucy Green voru í stuttu máli þær að viðhorf nemenda til tónlistarkennslu breyttust umtalsvert í ferlinu en þess ber að geta rannsóknir hennar fóru fram í íhaldssömum breskum skólum sem höfðu áður beitt þeim aðferðum sem hefðbundnar eru í tónlistarskólum. Nemendur voru miklu ánægðari og sýndu meira frumkvæði til að iðka tónlist og m.a.s. varð viðhorf þeirra til klassískrar tónlistar jákvæðara en áður.¹

Menntun okkar stjórnenda þróunarverkefnisins *Tónlistarval á unglíngastigi*, liggur í klassískri tónlist en bæði höfum við einnig mikið komið nálægt iðkun dægurtónlistar þannig að rannsókn Lucy Green kom okkur ekki á óvart og rennir styrkum stöðum undir þær aðferðir sem við beittum í þróunarverkefni okkar. Þess ber þó að geta að við studdumst ekki eingöngu við hennar hugmyndafræði heldur aðlöguðum við aðferðir hennar að okkar hugmyndum um hvernig samstarf grunnskóla og tónlistarskóla gæti blómstrað.

Ef ný námskrá grunnskóla er skoðuð fellur þessi hugmyndafræði vel að þeim markmiðum sem þar koma fram.

Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglíngastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa²

¹ Green, L. 2008:180

² Aðalnámskrá grunnskóla-Almennur hluti. 2011: 48

Einnig mætti sækja rök til fleiri fræðimanna eins og Bruners, Gardners og Dewey sem allir hafa fjallað um mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms en við látum það ógert hér.

3. Vinnufyrirkomulag – Hverjir komu að verkefninu

Yfirumsjón með verkefninu höfðu Flosi Einarsson verkefnastjóri í Grundaskóla og Heiðrún Hámundardóttir, tónmenntarkennari í Brekkubæjarskóla. Aðrir sem komu að verkefninu voru Lárus Sighvatsson skólastjóri tónlistarskólans, Hrönn Ríkhardsdóttir og Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjórar grunnskólanna en þess ber að geta að nokkuð þurfti að hliðra til í stundatöflu allra skólanna til að verkefni okkar gæti orðið að veruleika. Eftirtaldir kennarar tónlistarskólans sinntu kennslu í tónlistarvali: Eðvarð Lárusson (gítar og bassi), Gunnar Ringsted (gítar og bassi), Birgir Baldursson (trommur og rokk-tónlistarsaga), Elfa Margrét Ingvadóttir (söngur) en Flosi sá síðan um hljómborðskennslu og hljóðupptökukennslu og Heiðrún kenndi einnig á hljómborð, gítar og sá um rytmahjálfun.

4. Skipulag tónlistarvalsins

4.1. Stundatöflugerð

Eins og áður sagði þá þurfti að taka nokkurt tillit til tónlistarvalsins þegar gerð var stundatafla fyrir skólaárið í báðum skólum. Í Grundaskóla er þannig fyrirkomulag á vali í unglingsáttunda eild að það fer allt fram á mánudögum og fimmtudögum eftir hádegi frá kl 13:40-15:40 og velja nemendur sig inn á mismundandi valbrautir en sem dæmi um þær má nefna; rannsóknabraut, listabraut og líffstílsbraut. Ákveðið var að tónlistarvalið í Grundaskóla yrði hluti af listabraut skólans. Nemendur í Grundaskóla velja að vori fyrir allt skólaárið þar á eftir en nemendur í Brekkubæjarskóla velja fyrir hverja önn fyrir sig. Val í Brekkubæjarskóla er einnig frábrugðið vali í Grundaskóla að því leyttinu til að ekki er um ákveðnar valbrautir að ræða heldur ákveðnar valgreinar og geta nemendur því valið ólíkar valgreinar á sömu önn meðan nemendur í Grundaskóla geta aðeins valið eina braut í einu. Farin var sú leið í Brekkubæjarskóla að bjóða nemendum í skólanum upp á að velja tónlistarbrautina en þá þurftu þeir að sleppa öðrum valgreinum. Eins og áður sagði eru áðurnefndar valbrautir í Grundaskóla kenndar á tveimur dögum eftir hádegi og alltaf á sama tíma



en valgreinar í Brekkubæjarskóla dreifast á fleiri daga. Þetta þýddi það að töluvert var um stundatöfluárekstra sem leysa þurfti á milli skólanna. Ákveðið var að setja tónlistarvalið á mánudaga og fimmtudaga á sömu tíma og aðrar valbrautir fara fram í Grundaskóla. Þetta þýddi í raun að þar sem sumar valgreinar í Brekkubæjarskóla eru ekki búnar fyrr en kl 14:00 að tónlistarvali þurfti að ýta aftar á daginn en það var reyndar mismunandi eftir hópasamsetningunni. (Sjá fylgiskjöl 1,2 og 3)

4.2 Annar undirbúningur

Annar undirbúningur fólst í því að funda með þeim kennurum sem komu að tónlistarvalinu og ræða hugmyndafræðina sem stóð að baki. Það er ljóst að Tónlistarskólinn á Akranesi hefur á að skipa frábærum kennurum en margir tónlistarskólakennarar eru ekki vanir slíkri kennslu og finnst best að kenna einum nemanda í einu. Allir voru samt til í að prófa þetta. Hluti af undirbúningnum fólst í að finna hentuga tónlist sem hægt væri að nota sem grunn í upphafi. Um var að ræða einföld rokkklög með fáum hljófum og einföldum útsetningum. Við reyndum að raða nemendum í hópa eftir getu en gerðum ráð fyrir því að þurfa að færa til í hópunum því okkur fannst mikilvægt að nemendur fylgdu þeim sem voru svipaðir í áhuga og getu. Heiðrún Hámundardóttir tók að sér að sjá um myndun hópanna og gera tillögu að stundatöflu. Flosi Einarsson sá hins vegar um allt sem sneri að því að útvega rétt hljóðfæri og önnur tæki sem til þurfti. Hlutaðeigandi kennarar sáu síðan um að útsetja tónlistina á þann máta að hún gæti hentað byrjendum. (sjá fylgiskjal 4)



4.3 Ytra skipulag og hópaskipting

Við ákváðum að við gætum sinnt um 50 nemendum á tónlistarbraut og skiptust þeir á milli skólanna í hlutfalli við nemendafjölda þeirra en þess ber að geta að í Grundaskóla eru töluvert fleiri nemendur. Mikill áhugi var í báðum skólum og völdu þessa leið miklu fleiri heldur en komust að. Þegar búið var að ákveða hverjir færu í tónlistarval ákváðum við að mánudagar skyldu veru hljóðfæra- og söngkennsludagar en fimmtudagar voru námskeiðadagar. Á mánudögum skiptum við nemendum í litla hópa eins og áður sagði og reyndum að hafa jafningja saman. Hver hópur fékk 40 mínútur í hljóðfærakennslu. Á fimmtudögum skiptum við hópnum í þrennt og

nemendur sóttu námskeið í rokktónlistarsögu, hljóðupptökum og rytma. Þetta fyrirkomulag varði fyrstu 8 vikurnar. Á þeim tíma fóru allir hóparnir á þrjú ofantalin námskeið. Að þessu tímabili loknu breyttust fimmtudagarnir í samspilsdaga þar sem hljómsveitir æfðu saman. Í mánudagstímunum voru kennd ýmis grunnatriði í söng og hljóðfæraleik og nemendum kennd ákveðin lög sem ákveðin voru af stjórnendum. Einnig var mikil áhersla lögð á að nemendur fengju að velja lög sjálfir og síðan var reynt að aðlaga útsetningar að getu og hugmyndum nemenda. Á vorönn þekktum við nemendur betur og reyndum við að raða nemendum í samspilshópa eftir getu því að sjálfsögðu sýndu sumir nemendur meiri áhuga og framfarir en aðrir.

Eftir að hljómsveitaæfingar hófust fengu hljómsveitirnar úthlutaðan tíma með kennurum sem stjórnðu hljómsveitaæfingunum. Hljómsveitirnar voru nokkuð stórar þar sem nemendur voru margir og var algeng hljóðfæraskipan: 1 bassaleikari, 1 trommuleikari, 1 ásláttarleikari, 2-3 gítaraleikarar, 2 hljómborðsleikarar og 2-3 söngvarar. Þess ber að geta að þar sem tónlistarskólinn hefur á að skipa frábærri fiðlusveit, gátum við boðið þeim nemendum sem eru á grunnskólaaldri en eru jafnframt í fiðlusveitinni, upp á að taka þátt í samspilinu með okkur. Hvorri önn lauk síðan með tónleikum í sal tónlistarskólans þar sem allir nemendur tónlistarvalsins komu fram. Öllum nemendum unglिंगadeildanna í báðum skólum var boðið á tónleikana sem voru á skólatíma.

<http://www.youtube.com/watch?v=Uvd1PsLyOu8&feature=youtu.be>



5. Helstu hindranir

Þess ber að geta að vinnan við þetta verkefni gekk að flestu leyti mjög vel og við teljum okkur hafa náð flestum þeim markmiðum sem við settum okkur. En það er að sjálfsögðu margt sem mátti betur fara.

Það er ljóst að þar sem um samstarf þriggja skóla er að ræða, getur reynst erfitt að samræma stundatöfluna. Eins og áður sagði er valkerfi skólanna ólíkt og því reyndist dálítið erfitt að finna tíma sem hentaði öllum nemendum. Skipulagsins vegna teljum við besta kostinn að vera með þessa vinnu samfellda og ágætlega hentaði að þjappa þessari vinnu á tvo daga þar sem mjög mikilvægt er að hafa aðgang að öllum nemendum á sama tíma. Þetta hefði gengið betur ef við hefðum haft fleiri kennara tiltæka en vonandi stendur það til bóta á næsta skólaári.

Það kom í ljós að öllum kennurum hentar ekki að vinna á þennan hátt og það er mun erfiðara að kenna hópum heldur en einstaklingum þegar kemur að hljóðfæranámi en þetta gekk samt mun betur heldur en við þorðum að vona. Við styrkumst hins vegar í þeirri trú að það er mjög mikilvægt að hafa áhugasama kennara í slíkri vinnu sem eru virkilega til í að vinna á þennan hátt.

Það var eitt sem fór dálítið úrskaiðis hjá okkur en það var eftirlit með mætingu nemenda en kennarar sinntu því mismunandi vel að láta vita ef forföll voru hjá nemendum. Einnig virtust mikilvæg skilaboð oft ekki komast alla leið og sjáum við mikilvægi þess að einn kennari í hverjum skóla beri ábyrgð á öllum samskiptum skólanna á milli. Þetta þurfum við að laga á næsta skólaári. Einnig vorum við ekki nógu ánægð með námsmatið hjá okkur en við hugsuðum ekki nægilega vel fyrirfram hvað við ætluðum að meta hjá nemendum og hvernig við ætluðum að meta það. Reyndar höfum við þá trú að það leiðsagnarmat sem óneitanlega felst í hverri kennslustund sé allra mikilvægast og við lögðum svo sannarlega áherslu á að nemendur fengju jákvæða endurgjöf. Hins vegar teljum við mikilvægt fyrir næsta vetur að setja okkur ákveðin viðmið fyrir námsmatið og höfum við nú þegar útbúið okkur matslista sem við munum styðjast við á komandi skólaári. (sjá fylgiskjal 5) Enn fremur ætluðum við okkur að setja upp heimasíðu sem héldi utan um starfið, geymdi myndir og ýmis gögn og væri eins konar samskiptasíða milli kennara og nemenda. Sú síða er enn í smíðum en verður tilbúin fyrir næsta skólaár.

(Sjá tengil: tonlistarbraut.wordpress.com)

Eins og áður sagði teljum við að við höfum náð öllum þeim markmiðum sem við settum okkur. Það var hins vegar eitt sem við höfðum ásett okkur að gera en það var að meta starfið m.a. með spurningalistum og viðhorfakönnunum sem lagðar væru fyrir þátttakendur og foreldra þeirra. Vegna mikilla anna náðum við ekki að klára það. Það er markmið okkar á næsta skólaári að framkvæma slíka könnun sem er kannski að mörgu leyti skynsamlegra þar sem meiri reynsla verður komin á starfið.

6. Helsti ávinningurinn af vinnu við verkefnið

Við lögðum upp með það að auka áhuga nemenda á því að læra á hljóðfæri. Það hefur svo sannarlega tekist vegna þess að þegar nemendur völdu fyrir næsta skólaár, voru fjölmargir nemendur sem ákváðu að halda áfram eða um 50% sem er há tala þegar tekið er mið af því að við leyfðum 10. bekkjum að ganga fyrir á þessu skólaári sem er að líða og þeir eru farnir á annað skólastig. Einnig hafa 6 af nemendum í tónlistarvali skráð sig í reglubundið tónlistarnám við Tónlistarskólann á Akranesi. Þess ber einnig að geta að gífurlegur áhugi var hjá tilvonandi 8. bekkjum á tónlistarvalinu en þeir fá nú í fyrsta skipta að velja sér valgrein á unglingsstigi. Því komast færri að en vilja í tónlistarvali á næsta skólaári. Eins og áður sagði höfum við árlega verið með tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir sem eins og áður hefur komið fram, gengur út á að bjóða nemendum að vera með á veglegum rokk-tónleikum. Á þessum skólaári gátum við boðið upp á miklu fleiri hljóðfæraleykara en áður og því var fjölbreytnin mjög áberandi á síðustu tónleikum.

Einnig nefndum við í inngangi trú okkar á forvarnargildi svona vinnu og okkur til mikillar ánægju komu tveir nemendur í tónlistarval sem höfðu ekki alveg fundið sig í skólastarfinu og voru líklegir til að fara út af beinu brautinni. Þessir sömu nemendur reyndust vera úrvalsnemendur í tónlistarvali. Þeir höfðu fundið áhugamál sem tók huga þeirra og viðhorf þeirra til skólans gjörbreyttist og þeir eru nú báðir búnir að skrá sig í tónlistarskólann og eru í góðu sambandi við alla í skólanum.



7. Niðurstöður verkefnisins

Við teljum okkur hafa náð öllum þeim markmiðum sem við settum okkur og koma fram í inngangi skýrslu þessarar.

Samstarf á milli grunnskólanna og tónlistarskólans hefur aldrei verið meira sem m.a. lýsir sér í því að tónlistaratriði sem sprottin eru í tónlistarvalinu okkar komu fram á útskriftum í báðum grunnskólunum og einnig á nemendatónleikum í tónlistarskólanum. Einnig skapaðist tækifæri fyrir fiðlunemendur skólans að taka þátt í annars konar samspili sem tókst frábærlega vel. Enn fremur má nefna að hljómsveit sem er afrakstur tónlistarvalsins hefur fengið leyfi til að æfa í skólanum í sumar og mun m.a. koma fram á Írskum dögum, bæjarhátíð Akurnesinga.

Við teljum þá leið sem við völdum að kenna nemendum að spila tónlist sem þau höfðu áhuga á virka mjög vel en algeng aðferð í tónlistarskólum er sú að byrja á að kenna nemendum að lesa nótur og yfirleitt er það í gegnum tónlist sem kennarinn velur.

Við lögðum mikla áherslu á samspil, sem gjarnan mætti vera meira af í tónlistarskólum og til varð fjöldi hljómsveita í tónlistarvalinu en einnig urðu til aðrar hljómsveitir sem nemendur tónlistarvalsins stofnuðu sjálfir og drógu fleiri nemendur inn í. Þetta þýddi að tónmenntarstofur beggja skólanna, sérstaklega Brekkubæjarskóla, voru í miklu meiri notkun en nokkru sinni fyrr.

Allir nemendur tónlistarvalsins fóru á grunnnámskeið í rokktónlistarsögu, hljóðupptökum (þar sem mikil áhersla var lögð á sköpun) og í rytma. Árangur þeirra er kannski ekki mælanlegur en við töldum þetta góða viðbót við hljóðfæranámið og nauðsynlegan þátt til að víkka sjóndeildarhring nemenda.

Við höldum tvö tónleika á skólaárinu sem tókust mjög vel miðað við að við vorum í flestum tilvikum með byrjendur í tónlistarnámi. Síðast en ekki síst völdum við 4 úrvalsnemendur til að taka þátt í stóru tónlistarverkefni í Svíþjóð í maí s.l. og stóðu þeir sig frábærlega vel. Það er því ljóst að þetta þróunarverkefni okkar er komið til að vera í skólastarfi á Akranesi.

Tengill: Frá vortónleikum tónlistarvalsins

<http://www.youtube.com/watch?v=Uvd1PsLyOu8&feature=youtu.be>

Tengill: Frá tónleikum í Kungsklippeskolan í Svíþjóð

http://www.youtube.com/watch?feature=player_embedded&v=nJV0B_PLuFw

Tengill frá Ungir-Gamlir tónleikum 2011:

<http://www.youtube.com/watch?v=H2Xq73nL6Ss>

8. Mat á verkefninu

Eins og áður hefur komið fram tókst okkur ekki að klára hluta þess formlega mats sem við höfðum ætlað okkur þ.e. með spurningalistum og viðhorfakönnunum. Við tókum hins vegar óformleg viðtöl við flesta þátttakendur og spurðum þá um reynslu þeirra af tónlistarvalinu og hvers vegna þeir hefðu valið það. Eins og okkur grunaði var aðalástæðan sú að tónlistarskólanám er dýrt og það er dálítið stórt skref að ákveða það að fara í tónlistarskóla bara til að prófa hvernig manni gengur. Það var bara einn nemandi sem tjáði sig um að honum hefði ekki þótt skemmtilegt í valinu en allir aðrir töldu þetta vera frábært tækifæri. Síðan voru dæmi um krakka sem höfðu verið í tónlistarnámi en langaði til að prófa önnur hljóðfæri. Stelpa sem hafði verið í söngnámi valdi t.d. trommur og ætlar síðan að prófa píanó á næsta skólaári. Slíkt væri varla framkvæmanlegt í hefðbundnu tónlistarskólanámi.

Við teljum hins vegar besta vitnisburðinn um að vel hafi til tekist vera þann að báðir þeir tónleikar sem við höldum tókust frábærlega vel og sú staðreynd að færri komast að en vilja á næsta skólaári bera þess vitni að við höfum a.m.k. verið að gera eitthvað rétt.

Varðandi kynningu á verkefninu mun skýrsla þessi verða aðgengileg á heimasíðum þátttökuskólanna auk þess sem hún verður send á póstlista tónmenntarkennarafélagsins.

Flosi Einarsson, verkefnisstjóri

Heiðrún Hámundardóttir, verkefnisstjóri

Hrönn Ríkharðsdóttir, skólastjóri



8. Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar. 2007. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.

Green,L. 2008. *Music Informal learning and the School*. Ashgate publishing limitet.
Hampshire,England

10. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Tónlistarbraut - Kennarar

Mánudagur: September - Október

Mánudagur: Nóvember - Desember

	Lúðrasveitastofa	Trommustofa
13.40- 14.20	Hljómsveit 1 Eddi Flosi Elfa (Flakkar á milli)	Hljómsveit 3 Birgir Gúi Elfa (Flakkar á milli)
14.20- 15.00	Hljómsveit 2 Eddi Flosi Heiðrún	Hljómsveit 4 Birgir Gúi Elfa
15.00- 15.40		Hljómsveit 5 Eddi Gúi Elfa Heiðrún

Mánudagur: Nóvember - Desember

	Lúðrasveitastofa	Trommustofa
13.40- 14.20	Hljómsveit 1 Eddi Flosi Elfa (Flakkar á milli)	Hljómsveit 3 Birgir Gúi Elfa (Flakkar á milli)
14.20- 15.00	Hljómsveit 2 Eddi Flosi Heiðrún	Hljómsveit 4 Birgir Gúi Elfa
15.00- 15.40		Hljómsveit 5 Eddi Gúi Elfa Heiðrún

Fylgiskjal 2

	Tónlistarskólinn	Grundaskóli	Brekkubæjarskóli
14.10-15.10	Rokksaga - Birgir	Tónlist og tölvur - Flosi	Trommur og taktur - Heiðrún
1. tímabil	Hópur 1	Hópur 2	Hópur 3
2. tímabil	Hópur 2	Hópur 3	Hópur 1
3. tímabil	Hópur 3	Hópur 1	Hópur 2

Fimmtudagur

Fimmtudagur

1. tímabil: 1.- 8.- 15.- 22.- 29. september
2. tímabil: 6.- 13.- 20.- 27. október, - 3. nóvember
3. tímabil: 10.- 17.- 24. nóvember, - 1.- 8. desember

Hópur 1 – 16 nemendur

Aðalsteinn Bjarni, Kristinn Bragi, Karen, Jóhanna Gréta, Hinrik Freyr, Dóra Marín, Elísa Björk, Fanney Rún, Halla, Bjarki, Stefán Logi, Stefanía, Hjördís Tinna, Catherine Soffía, Nikulás Marel, Alexander Aron

Hópur 2 – 16 nemendur

Vilborg Júlía, Magðalena Lára, Sigurlaug Rún, Drífa Dröfn, Harpa Rós, Sara Lind, Elvar Kaprasíus, Erlendur Rúnar, Daði, Bergþóra, Hrafnhildur, Sandra Liv, Iðunn Silfa, Jóhanna Ösp, Berglind, Sunna Rós

Hópur 3 -17 nemendur

Friðrik Berg, Hafdís Dóra, Ragnar Bragi, Hrafnhildur Anna, Lovísa Ösp, Þórey Petra, Ingibjörg Lilja, Selma Dís
Freydís Ósk, Rebekka, Valdís Ósk, Allan Bjarki, Natallía, Steinþór Brekkman, Viktoría, Aldís Lind, Guðlaug Ásrún,

Fylgiskjal 3

	Eddi	Gúi	Biggi	Elfa	Flosi	Heiðrún
13.40-14.20	Gítar 1 Aðalsteinn Bjarni Bjarki Kristinn Bragi	Bassi 2 Hrafnhildur Anna Jóhanna Gréta	Trommur 1 Catherine Soffía Elvar Kaprasíus Hinrik Freyr	Söngur 1 Alexander Aron Fanney Rún Halla Sigurlaug Rún	Hljómborð 1 Aldís Lind Guðlaug Ásrún Magðalena Lára	
14.20-15.00	Gítar 2 Drífa Dröfn Harpa Rós Sara Lind Stefanía	Gítar 3 Allan Bjarki Friðrik Berg Ragnar Bragi	Trommur 2 Lovísa Ösp Viktória Þórey Petra	Söngur 2 Bergþóra Hrafnhildur Sandra Liv Iðunn Silfa Jóhanna Ösp	Hljómborð 2 Dóra Marín Elísa Björk Vilborg Júlía	Hljómborð 3 Selma Dís Ingibjörg Lilja
15.00-15.40	Bassi 1 Hjördís Tinna Karen Nikulás Marel	Gítar 4 Hafdís Dóra Natalía Stefán Logi Steinþór		Söngur 3 Berglind Freydís Ósk Rebekka Sunna Rós Valdís Ósk		Hljómborð 4 Daði Erlendur Rúnar

Tónlistarbraut - Nemendur

Mánudagur: September - október

Mánudagur: Nóvember – desembe

	Lúðrasveitastofa	Trommustofa
13.40-14.20	Hljómsveit 1 Gítar: Aðalsteinn Bjarni, Kristinn Bragi Bassi: Karen Trommur: Hinrik Freyr Hljómborð: Dóra Marín, Elísa Björk Söngur: Fanney Rún, Halla	Hljómsveit 3 Gítar: Drífa Dröfn, Harpa Rós, Sara Lind Bassi: Nikulás Marel Ragnarsson Trommur: Elvar Kaprasíus Ólafsson Hljómborð: Erlendur Rúnar, Daði Söngur: Bergþóra, Hrafnhildur, Sandra Liv
14.20-15.00	Hljómsveit 2 Gítar: Bjarki, Stefán Logi, Stefanía Bassi: Hjördís Tinna Trommur: Catherine Soffía Hljómborð: Vilborg Júlía, Magðalena Lára Söngur: Sigurlaug Rún, Alexander Aron	Hljómsveit 4 Gítar: Friðrik Berg, Hafdís Dóra, Ragnar Bragi Bassi: Hrafnhildur Anna Francis Trommur: Lovísa Ösp, Þórey Petra Hljómborð: Ingibjörg Lilja, Selma Dís Söngur: Freydís Ósk, Rebekka, Valdís Ósk
15.00-15.40		Hljómsveit 5 Gítar: Allan Bjarki, Natalía, Steinþór Brekkman Bassi: Jóhanna Gréta Trommur: Viktória Gunnarsdóttir Hljómborð: Aldís Lind, Guðlaug Ásrún Söngur: Iðunn Silfa, Jóhanna Ösp, Berglind, Sunna Rós

Fylgiskjal 4

Knocking on heavens door – dæmi um einfalda útsetningu fyrir hljómsveit

The musical score is arranged in a system with six staves. The instruments are labeled on the left: Sóló gítar (Solo guitar), Rytma gítar (Rhythm guitar), Pífanó (Piano), Orgel (Organ), Bassi (Bass), and Trommur (Drums). The score is divided into three systems of three measures each, numbered 1-3, 4-6, and 7-8. The key signature has one sharp (F#) and the time signature is 4/4. The Solo guitar part features a melodic line with a key signature change from F# to natural F in measure 5. The Rhythm guitar part provides chordal accompaniment with chords D, A, and G in the first system, and D and A in the second system. The Piano part has a steady eighth-note accompaniment. The Organ part features a simple harmonic accompaniment with chords and rests. The Bass part has a simple bass line with eighth notes and rests. The Drums part has a simple drum pattern with eighth notes and rests. The score includes guitar chord diagrams for D, A, and G, and an Em chord diagram. The organ part includes rests marked 'Led.' and asterisks. The piano part includes asterisks and rests. The bass part includes rests marked 'Led.' and asterisks. The drums part includes rests marked 'Led.' and asterisks. The score ends with a double bar line and repeat signs.

Fylgiskjal 5

Matsblað fyrir tónlistarval – Hljóðfæra- og söngnám og samspil

Nafn	Mæting	Áhugi	Frumkvæði	Samvinna	Frammistaða	Almenn umsögn	Einkunn

Þar sem nokkrir kennarar koma að hverjum nemanda þarf hver kennari að gefa hverjum nemanda vitnisburð í samræmi við töfluna hér að ofan. Hver þáttur er metinn í heilum og hálfum tölum á bilinu 1-10. Allir þættir veða jafnmikið þegar reiknuð er einkunn. Almenn umsögn er ekki tekin þar með, en mjög mikilvægt er að allir kennarar gefi hverjum nemanda stutta almenna umsögn þar sem farið er yfir það sem jákvætt var og það sem má betur fara. Til að reikna út lokaæinkunn nemanda verða síðan vitnisburðir allra kennara lagðir saman og fundin út lokaæinkunn. Lokaæinkunn sem birtist nemanda á vitnisburði verður síðan yfirfærð í bókstafina A,B,C eða D þar sem A er ígildi einkunna frá 9-10, B er ígildi einkunna á bilinu 7-8, C stendur fyrir 5-6 og D fyrir allar einkunnir undir 5. Mjög mikilvægt er að nemandi fá jafnframt almenna umsögn sem verður saman tekin úr umsögnum allra kennara.

Að öðru leyti leggjum við mikla áherslu á símat og leiðsagnarmat í kennslustundum.